



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur  
25. mars 2025

## - T I L L A G A -

### Um afstöðu Stúdentaráðs Háskóla Íslands til tímasetninga sjúkra- og endurtektaprófa

Stúdentaráð áréttar skýra afstöðu sína til þess að sjúkra- og endurtektapróf fyrir haustmisseri skulu haldin í desember og/eða janúar eftir lokapróf. Stúdentaráð leggst alfarið gegn því að sjúkra- og endurtektapróf fyrir haustmisseri verði færð aftur til loka vormisseris.

## - R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Lengi tíðkaðist það innan Háskóla Íslands að sjúkra- og endurtektapróf fyrir lokapróf á haustmisseri voru haldin við lok vorannar, mörgum mánuðum seinna. Það lá og liggur augum uppi að þannig skipulag er ólýðandi fyrir stúdenta. Nú fer að líða undir lok nokkurra ára prufutímabil hjá Félagsvísindasviði þar sem sjúkra- og endurtektapróf fyrir haustmisseri voru færð til desember og janúar eftir lokapróf, sem er mun hentugra fyrirkomulag fyrir stúdenta. Nú þegar liðið er á þetta verkefni hefur komið upp umræða innan sviðsins að hverfa skuli aftur til fyrri vegar, vegna þess að það auðveldi skipulag fyrir kennara. Það væri gríðarleg afturför fyrir stúdenta. Það skiptir öllu máli að Stúdentaráð haldi því til haga að stúdentar leggjast alfarið gegn því að sjúkra- og endurtektarprófum haustmisseris verði aftur seinkað til sumars.

Einnig er mikilvægt að samræmi sé komið á milli sviða og deilda þegar kemur að sjúkra- og endurtektaprófum svo að allir stúdentar sitji við sama borð í þeim efnum.

*Ragnheiður Geirsdóttir, sviðsráðsforseti Félagsvísindasviðs og stúdentaráðsliði fyrir Vöku*